

## UMHVERFIS- OG SKIPULAGSRÁÐ

Ár 2025, miðvikudaginn 5. febrúar, kl. 9:08 var haldinn 333. fundur umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð, Hofi. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum: Dóra Björt Guðjónsdóttir, Aðalsteinn Haukur Sverrisson, Friðjón R. Friðjónsson, Hjálmar Sveinsson, Jóhanna Dýrunn Jónsdóttir, Kjartan Magnússon, Líf Magneudóttir og áheyrnarfulltrúinn Einar Sveinbjörn Guðmundsson. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með rafrænum hætti með vísan til 1. málsl. 1. mgr. 54. gr. sbr. 4. málsl. 1. mgr. 13. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar varðandi fjarfundahheimild: Ásta Þórdís Skjálldal Guðjónsdóttir. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Björn Axelsson, Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir, Guðmundur Benedikt Friðriksson og Sigurjóna Guðnadóttir.

Fundarritari var Glóey Helgudóttur Finnsdóttir.

### **Þetta gerðist:**

1. Lagt fram afgreiðslubréf borgarstjórnar, dags. 5. febrúar 2025, vegna samþykktar borgarstjórnar um að Jóhanna Dýrunn Jónsdóttir taki sæti í umhverfis- og skipulagsráði í stað Pawel Bartoszek. MSS22060046
2. Fram fer kosning um varaformann umhverfis- og skipulagsráðs. Samþykkt er að Jóhanna Dýrunn Jónsdóttir verði varaformaður umhverfis- og skipulagsráðs. Fulltrúar Sjálfstæðisflokkssins situr hjá við afgreiðslu málsins. MSS22060046
3. Fram fer kynning á drögum að aðalskipulagi Reykjavíkur 2024, íbúðaruppbyggingu í grónum hverfum, sbr. 2. mgr. 30. gr. skipulagsлага, dags. febrúar 2025. Kynning og bókanir undir þessum lið eru færðar í trúnaðarbók umhverfis- og skipulagsráðs.

Haraldur Sigurðsson deildarstjóri og Margrét Lára Baldursdóttir verkefnastjóri taka sæti á fundinum undir þessum lið. USK24080161

4. Lagt fram og kynnt, Aðalskipulag Reykjavíkur, Stakar húsbyggingar á opnum svæðum (OP15, OP28), Heimildir um endurbyggingu, viðbyggingar og nýbyggingar dags. febrúar 2025. Lagt er til að afgreiða tillöguna í auglýsingi.  
Samþykkt að auglýsa, sbr. 3. mgr. 30. gr. skipulagsлага nr. 123/2010.  
Vísað til borgarráðs.

Haraldur Sigurðsson deildarstjóri og Margrét Lára Baldursdóttir verkefnastjóri taka sæti á fundinum undir þessum lið. USK24060311

Lögð fram svohljóðandi bókun áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Fulltrúi Flokks fólksins telur að vernda þurfi græn svæði í borgarlandinu eins og hægt er. Auðvitað þarf líka að hafa í huga ákveðin atriði varðandi framtíðar uppbyggingu hverfa og þéttingu þeirra sem fyrir eru. En græn svæði eru eins og allir vita, ákveðin lífsgæði fyrir þá íbúa sem í kringum þau búa - sem og aðra borgarbúa. Annað sem þarf einnig að huga að varðandi græn og opin svæði, er að með lagningu göngustíga eða annarra aðgengislausna væri verið að vernda þau betur gegn átroðningi m.t.t. gróðurs eða minja. Í framhaldi mætti líka hafa í huga að áhugi er hjá ferðapjónustufyrirtækjum að nýta sum þessara svæða sem hluta af skipulögðum göngu- eða hjólaferðum svo eitthvað sé nefnt. Verndun þeirra

lífsgæða sem í grænum svæðum felast ásamt skynsamlegri nýtingu þeirra er það sem öllu máli skiptir þegar kemur að uppbyggingu á opnum svæðum í borgarlandinu.

5. Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar skipulagsfulltrúa dags. 30. janúar 2025. USK22120094
6. Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Björns Guðbrandssonar, dags. 11. mars 2024, um breytingu á deiliskipulagi Ártúnshöfða - lónaðarsvæðis vegna lóðarinna nr. 7 við Vagnhöfða. Í breytingunni sem lögð er til felst stækken lóðarinna til norðvesturs, samkvæmt uppdr. Arkís dags. 6. mars 2024. Samþykkt var að framlengja athugasemdarest á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 14. nóvember 2024 og var erindi grenndarkynnt frá 3. október 2024 til og með 18. desember 2024. Athugasemdir bárust. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 23. janúar 2025. Lagt er til að tillagan verði samþykkt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa. Samþykkt með vísan til a. liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs.

Sólveig Sigurðardóttir verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið. USK24030153

7. Lögð fram umsókn Bus hostel ehf., dags. 18. nóvember 2024, um breytingu á deiliskipulagi Skógarhlíðar vegna lóðarinna nr. 10 við Skógarhlíð. Í breytingunni sem lögð er til felst að innkeyrslum inn á lóðina er breytt, samkvæmt uppdr. Strendings ehf., dags. 15. nóvember 2024. Lagt er til að tillagan verði afgreidd í auglýsingu. Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagsлага nr. 123/2010. Vísað til borgarráðs.

Valný Aðalsteinsdóttir verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið. USK24110202

8. Lögð fram að nýju umsókn Teiknistofunnar Storð ehf., dags. 14. maí 2024, ásamt bréfi Hermanns Georgs Gunnlaugssonar, dags. 14. maí 2024, um breytingu á deiliskipulagi Grafarlækjar-Stekkjarmóá-Djúpadals vegna lóðarinna nr. 2-4 við Grafarlæk. Í breytingunni sem lögð er til felst að koma fyrir byggingarreit fyrir vélageymslu Golfklúbbs Reykjavíkur og og steyp hólf eða gryfjur fyrir efnislager, samkvæmt uppdr. Teiknistofunnar Storð ehf., dags. 15. janúar 2025. Lagt er til að tillagan verði afgreidd í auglýsingu. Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagsлага nr. 123/2010. Vísað til borgarráðs.

Þórður Már Sigfússon verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið. USK24050161

9. Fram fer kynning á forhönnun Lönguhlíðar og Drápuhlíðar.

Árni Snær Kristjánsson frá VSÓ og Bjarni Rúnar Ingvarsson deildarstjóri taka sæti á fundinum undir þessum lið. USK24100158

Lögð fram svohljóðandi bókun fulltrúa Samfylkingarinnar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar:

Fyrirhugað er að umbreyta Lönguhlíð í borgargötu í takt við nýsamþykkt hverfisskipulag fyrir Hlíðarnar. Sömuleiðis á að endurgera Drápuhlíð og bæta við gangstétt þeim megin þar sem gangstéttina vantar. Tvær tillögur að útfærslum fóru í íbúakönnun meðal íbúa og er nú unnið á þeim grunni sem valinn var af miklum meirihluta íbúa. Er verið að nýta þá aðferðarfræði í auknum mæli í takt við lýðræðisstefnu borgarinnar og hefur hún reynst vel til að skapa sátt um breytingar sem gerðar eru. Í öllum þessum breytingum er verið að bæta aðstæður fyrir gangandi og hjólandi og gera allt umhverfið öruggara og vistlegra. Aðdragandinn að þessu eru framkvæmdir Veitna á svæðinu og verið er að nýta ferðina og bæta umhverfið í leiðinni.

Lögð fram svohljóðandi bókun fulltrúa Sjálfstæðisflokkssins:

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins styðja fram komnar hugmyndir um fyrirhugaðar breytingar á Lönguhlíð og Drápuhlíð. Hugmyndirnar eru mjög í anda tillögu Sjálfstæðisflokkssins frá október 2022 um að ráðist verði í almennar endurbætur á sunnanverðri Lönguhlíð í þágu umferðaröryggis og hlutverk hennar styrkt sem borgargötu í miðju Hlíðahverfis. Þá yrði gróður við götuna aukinn og hjólabrautir lagfærðar, endurbættar, vel merktar og samfelldar alla leið. Enn fremur yrði aökoma bætt að biðstöðvum strætisvagna í götunni. Í september 2023 lögðu fulltrúar Sjálfstæðisflokkssins til að ráðist yrði í endurbætur á gangstétt við Drápuhlíð þar sem hún væri mjög ójöfn, víða brotin og sums staðar torfær vegna illgressi. Ánægjulegt er að slíkar endurbætur séu nú í undirbúningi í neðri hluta götunnar en bent skal á að einnig er brýn þörf á endurbótum á gangstétt í efri hluta hennar.

Lögð fram svohljóðandi bókun áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Fulltrúi Flokks fólksins lýsir ánægju sinni með þær útfærslur sem þarna eru kynntar. Verkefnið er vel útfært ásamt því að hugað var að vilja íbúa á svæðinu. Einnig skerðir þessi hönnun ekki fjöllda þeirra bílastæða sem fyrir eru heldur gerir ráð fyrir stæðum samhliða gangstéttum beggja megin götunnar. Vill fulltrúinn taka það sérstaklega fram að þær lausnir sem hér er verið að kynna þarf einnig að útfæra fyrir fjölmargar aðrar götur í Reykjavík. Götur þar sem einungis er gangstétt öðru megin eru allt of margar í borginni. Slíkar götur eru sérstaklega hættulegar börnum sem þurfa að ganga á milli kyrrstæðra bíla til þess að komast yfir þessar götur. Í raun mætti koma hér fram með tillögu þess efnis að gerð yrði heildarúttekt á þeim götum í Reykjavík þar sem gangstéttir eru bara öðru megin - með þeirri hættu og óhagræði sem gangandi vegfarendum stafar af af þeim.

## 10. Fram fer kynning á aðgengismálum hjá Strætó, m.a. á Navilens merkingum.

Herdís Steinarsdóttir og Jóhannes Svavar Rúnarsson frá Strætó og Grétar Mar Hreggviðsson, Bjarni Rúnar Ingvarsson og Bragi Bergsson verkefnastjórar taka sæti á fundinum undir þessum lið. USK24110028

Lögð fram svohljóðandi bókun fulltrúa Samfylkingarinnar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar:

Ánægjulegt er að sjá aðgengisúrbætur hjá strætó. Verið er að innleiða notkun Navilens blindralesturskerfisins á strætóskýlum og bæta festingar fyrir hjólastóla í vögnunum. Í appinu er meðal annars búið að stækka valmynd en unnið er að því að uppfæra kortið og gera það auðlæsilegra. Sömuleiðis er verið að merkja allar

biðstöðvar sem eru aðgengilegar sem mun stórauka fyrirsjáanleika fyrir fatlað fólk þegar það er að skipuleggja sínar ferðir.

Lögð fram svohljóðandi bókun fulltrúa Sjálfstæðisflokkssins:

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins fagna umbótum hjá Strætó bs. varðandi upplýsingagjöf með svokallaðri Navilens-tækni í þágu blindra og sjónskertra. Minnt er á fyri tillögur og ábendingar um almenna upplýsingagjöf Strætó bs., sem víða er ábótavant. a) Æskilegt er að allar biðstöðvar, sem fram undan eru, séu sýndar á leiðaspjöldum á biðstöðvum. b) Bæta þarf merkingar á skiptistöðvum, t.d. í Mjódd og við Skúlagötu, með því að setja þar upp kort af leiðakerfi Strætó í heild sinni. c) Bæta þarf merkingar á Lækjartorgi. Um er að ræða þrjár biðstöðvar, sem aðgreindar eru með bókstöfunum A, B og C. Rúmlega hundrað metrar og fjórar akreinar skilja að biðstöðvar A og C við Lækjargötu en biðstöð B er við Hverfisgötu. Æskilegt er að hver biðstöð á Lækjartorgi verði merkt með viðeigandi bókstaf með áberandi hætti, strætisvagnafarþegum til glöggvunar. d) Æskilegt er að upplýsingar um biðstöðvar leiða, séu sýndar með skýrum, línulegum merkingum í viðkomandi strætisvögnum, eins og tiðkast víða erlendis, farþegum til glöggvunar.

Lögð fram svohljóðandi bókun áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Borgarfulltrúa Flokks fólksins líst vel á verkefnið. Stafræn umbreyting sem þessi er auðvitað löngu tíma bær og í raun hefði mátt byrja á þessu mun fyrr. Eins og flestir vita komu upp ákveðin vandamál á sínum tíma varðandi innleiðingu og virkni Klapp appsins sem tengdust snertilausnum og öðru - þess vegna skiptir miklu málí að innleiðing þessarar lausnar gangi sem best fyrir sig. Hér er um mikilvægar umbætur á aðgengismálum að ræða. Í kjölfar kynningar urðu m.a. umræður um merkingar á strætoskýlum sem þyrti að bæta vegna þess að aukinn sjáanleiki hvað varðar leiðir og annað, væri til mikilla bóta fyrir þá sem nota strætó - samhliða lausnum eins og þeiri sem kynningin kemur inn á.

11. Fram fer kynning á breytingum sem eru að verða á endurvinnslustöðvum Sorpu við Dalveg og Sævarhöfða og hvaða áhrif það mun hafa á þjónustu.

Gunnar Dofri Ólafsson frá Sorpu bs. tekur sæti á fundinum undir þessum lið. USK25010318

Lögð fram svohljóðandi bókun fulltrúa Samfylkingarinnar, Framsóknar, Pírata, Viðreisnar, Sjálfstæðisflokkssins og áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Kópavogsbær hefur farið fram á skil lóðar endurvinnslustöðvar Sorpu við Dalveg þann 1. september nk. Heimsóknir á endurvinnslustöð Sorpu við Dalveg eru um 180.000 á ári. Telja má nokkuð víst að þær heimsóknir flytjist á stöðvarnar við Jafnasel og Sævarhöfða í Reykjavík. Þær eru nú þegar mjög ásettir. Til að mæta auknu á lagi er m.a. til skoðunar að fækka úrgangsflokkum við Jafnasel sem þýðir þjónustuskerðing við íbúa Breiðholts. Við fögnum því að til standi að reisa nýja endurvinnslustöð við Glaðheimi í Kópavogi, en fer jafnframt fram á að Kópavogsbær fresti skilum á lóð endurvinnslustöðvar við Dalveg þar til reist hefur verið ný endurvinnslustöð við Glaðheimi. Lokun við Dalveg þann 1. september nk. myndi valda verulegri þjónustuskerðingu fyrir íbúa Reykjavíkur, Kópavogs og Garðabæjar.

Lögð fram svohljóðandi bókun áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Með lokun Endurvinnslustöðvar Sorpu við Dalveg skapast meira álag á aðrar stöðvar. Einnig vakna spurningar um hvað varðar ábyrgð sveitarfélaga á sínu eigin sorpi - ef svo má að orði komast. Í raun má halda því fram að ef Kópavogsþær ákveður að loka endurvinnslustöðinni við Dalveg ætti bærinn að setja upp sambærilega stöð annars staðar í bænum í stað þess að ætlast til þess að umferðin á Dalveg færst þá í nágrennarsveitarfélögum með tilheyrandi á lagi. Í kynningu er talað um breyttan opnunartíma á endurvinnslustöðinni á Breiðhelli í Hafnarfirði til að komast til móts við þessa breytingu. Fulltrúinn vill því ítreka að með lokun stöðvarinnar við Dalveg mun umferðarálag líklega aukast á aðrar stöðvar - sem ekki er á bætandi þegar litið er til þess umferðarpunga sem á þessu svæði er á annatímum.

12. Fram fer kynning á niðurstöðu á neyslukönnun Sorpu um flokkun og viðhorf íbúa til flokkunar og þjónustu Sorpu.

Gunnar Dofri Ólafsson frá Sorpu bs. tekur sæti á fundinum undir þessum lið.  
USK25010318

Lögð fram svohljóðandi bókun áheymarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands:

Áheymarfulltrúi Sósíalistaflokks Íslands minnir á að hreyfihamlaðir eru að mestu leyti útilokaðir frá endurvinnslustöðvunum þar sem þeir sem gætu komið á staðinn með sorpið sitt í eigin bifreið fá hvergi aðstoð við að losa bílinn. Á þetta sérstaklega við þá sem nota hjólastóla og geta ekki sveiflað hlutum upp fyrir sig og þannig upp í gámana. Sósíalistar hafa áður komið með tillögur um að Sorpa bjóði hreyfihömluðum að fá slíka aðstoð á afmörkuðum tínum og stöðvum en ekki hefur verið vilji til að koma þannig til móts við þennan hóp. Þykir Sósíalistaflokki það miður enda ákveðin mismunun fólgin í því að koma ekki til móts við þá hreyfihamlaða sem vilja endurvinna til jafns við aðra.

Lögð fram svohljóðandi bókun áheymarfulltrúa Flokks fólksins:

Skiptar skoðanir hafa verið á skipulagningu varðandi grenndarstöðvar og flokkun. Samkvæmt könnun vilja flestir geta losað sig við sem flest sem næst sínum heimilum. Auðvitað væri slík þjónusta bæði plássfrek og kostnaðarsöm og þess vegna skiptir málí skynsamleg dreifing stærri endurvinnslustöðva og gott aðgengi er þess vegna nauðsynleg hvað þetta varðar. Í umræðum í kjölfar kynningar var komið inn á ýmis atriði varðandi "hegðun fólks" varðandi losun sorps - eins og m.a. það að talsvert er um að fólk sé að losa sig við allskyns óskyld drasl í grenndarstöðvum sem ekki á þar heima. Í framhaldi af því voru kynntar ýmsar leiðir sem eru í skoðun sem hafa með m.a. með fyrirbyggjandi aðgerðir að gera. Það er mikilvægt að tekið verði á þeim sóðaskap sem orðið getur vegna slíkrar sorplosunar fólks á rusli sem ekki á heima á grenndarstöðvum og á að fara með beint á endurvinnslustöðvar Sorpu.

13. Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa dags. 28. janúar 2025.  
USK24070166
14. Lögð fram að nýju tillaga íbúaráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis sbr. 23. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs 8. maí 2024. Einnig lögð fram umsögn skrifstofu samgangna og borgarhönnunar dags. 23. desember 2024.  
Tillögunni er vísað til meðferðar í stýrihóp um gönguvæna borg. MSS24040130

## Lögð fram svohljóðandi bókun áheynarfulltrúa Flokks fólksins:

Fulltrúi Flokks fólksins tekur undir með íbúaráði Háaleitis- og Bústaðahverfis um bætt umferðaröryggi í Safamýri. Kjarninn í þessari tillögu er sá að hlúð verði eins vel og hægt er að öryggi gangandi vegfarenda - sérstaklega hvað varðar tölverða umferð barna og unglings sem eiga þarna leið um á hverjum degi. Í tillöggunni koma fram ýmis atriði og uppástungur sem miða að því að bæta aðgengi og öryggi. Íbúaráðið leggur fram í tillögu hugmyndir að ákveðnum lausnum varðandi bílastæðamál. Þrátt fyrir allt þetta kemur fram í umsögn samgöngufulltrúa að ekki sé ástæða til þess að leggjast í heildstæða úttekt á götunni og er vísað í niðurstöður samantekta og mælinga - að þar hafi ekki verið mikil um slys eða önnur óhöpp undanfarin ár. Fulltrúinn verður að benda sérstaklega á þetta í umsögninni - vegna þess að hann telur að ekki eigi að þurfa alvarleg slys á fólk til þess að hægt sé að ráðast í það að bæta öryggi gangandi vegfarenda. Þess vegna er fulltrúinn sammála tillögu íbúaráðsins og telur þau rök sem þar eru færð fram fullnægjandi til þess að farið sé í umbeðna úttekt á öryggi barna og unglings og annarra gangandi vegfarenda í götunni.

15. Lögð fram að nýju tillaga íbúaráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis sbr. 24. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs þann 8. maí 2024. Einnig lögð fram umsögn skrifstofu samgangna og borgarhönnunar dags. 23. desember 2024.  
Tillöggunni er vísað til meðferðar í stýrihóp um gönguvæna borg. MSS24040131

## Lögð fram svohljóðandi bókun áheynarfulltrúa Flokks fólksins:

Hér er verið að fjalla um sömu atriði og koma fram í fyrri tillögu íbúaráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis. Óskað er eftir að gerð verði heildstæð úttekt á öryggi gangandi vegfarenda sem að stórum hluta eru börn og unglings í götu þar sem umferð hefur verið að aukast. Sömu rök fylgja báðum tillögum ráðsins og vill fulltrúinn enn og aftur taka það fram að hann er algjörlega sammála íbúaráðinu hvað þetta varðar. Sömu rök koma einnig frá Samgöngustjóra gegn þessari tillögu sem og þeirri fyrri. Þeim rökum vill fulltrúi Flokks fólksins mótmæla og ítrekar þá skoðun sína að það eigi ekki að þurfa alvarleg slys á fólk til þess að ráðist sé í endurbætur - eða í raun fyrirbyggjandi aðgerðir til þess að auka öryggi gangandi vegfarenda í borginni. Telur fulltrúinn því þessar tillögu íbúaráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis góða og nauðsynlega m.t.t. þeirra aðstæðna sem lýst er í meðfylgjandi greinargerð.

16. Lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar:

Lagt er til að vinna heildstæða samantekt á leiðum til að bæta aðgengi, vellíðan og umferðaröryggi gangandi og hjólandi barna á leið til skóla og tómstundaiðkunar með fordæmum erlendis frá um mismunandi leiðir sem skilað hafa góðum árangri. Samantektin verði lögð fyrir stýrihóp um gönguvæna borg sem efniviður í vinnu við þá stefnumörkun.

Sampykkt. USK25010339

## Lögð fram svohljóðandi bókun áheynarfulltrúa Flokks fólksins:

Fulltrúi Flokks fólksins er sammála því að bæta þarf til muna aðgengi og umferðaröryggi á gönguleiðum skólabarna. Því miður eru enn svæði í borginni þar sem mikil vantartupp á það sem þessi tillaga gengur út á. Hér á undan eru einmitt 2 tillögur frá íbúaráði þar sem einmitt er verið að óska eftir heildstæðri samantekt

vegna þeirra þáttu sem tillaga meirihlutans gengur út á. Vill fulltrúinn ítreka þá skoðun sína að ekki eigi að þurfa að koma til alvarleg slys á fólk til þess að ráðist verði í aðgerðir varðandi öryggi gangandi vegfarenda. Einnig skiptir líka máli að eitthvað sé gert fyrr en seinna og ekki sé verið að bíða með nauðsynlegar úrbætur á öryggi langt inn í framtíðina vegna skipulagðrar uppbyggingar sem ekki hefur verið lokið. Það er hægt að gera margt til þess að bæta öryggi og aðgengi gangandi vegfarenda til bráðabirgða sem fyrirbyggjandi öryggisaðgerð.

17. Lögð fram að nýju tillaga fulltrúa Sjálfstæðisfloksins um bætt umferðaröryggi við gatnamót Sæbrautar og Kleppsmýrarvegar, sbr. 9. lið fundargerðar borgarstjórnar frá 1. október 2024 og 8. lið fundargerðar borgarstjórnar frá 15. október 2024. Einnig lögð fram umsögn skrifstofu samgangna og borgarhönnunar dags. 22. janúar 2025.  
Tillögunni er vísað til mats og meðferðar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar. MSS24100077

Lögð fram svohljóðandi bókun áheynarfulltrúa Flokks fólksins:

Fulltrúi Flokks fólksins er sammála tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisfloksins um að brýnt sé að ráðast í þær neyðaraðgerðir á þessum gatnamótum sem um ræðir.

18. Lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar:

Lagt er til að fela umhverfis- og skipulagssviði að hefja samtal við Vegagerðina um heildstæða skoðun á lengd grænna fasa fyrir gangandi við öll gatnamót á Sæbraut og hvort það þurfi að lengja fasa eða bæta aðstæður og öryggi gangandi með örðru móti.

Samþykkt. USK25010340

19. Lögð fram að nýju tillaga íbúaráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis um skoðun á breytingu strætóleiða, sbr. 2. liður fundargerðar dags. 28. janúar 2025. Tillögunni var vísað til umhverfis- og skipulagsráðs.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar. MSS25010142

20. Lögð fram að nýju fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisfloksins um endurnýjun íbúakorta bílastæðasjóðs, sbr. 27. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs dags. 29. janúar 2025.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar. USK25010311

21. Lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisfloksins:

Lagt er til að úrbætur verði gerðar á götulýsingu við Bríetartún. Ellefu ljósastaurar eru óvirkir á kaflanum milli Rauðarárstígs og Snorrabrautar. Jafnframt er óskað eftir upplýsingum um ástæður þessarar óvirkni.

Frestað. USK25020051

22. Lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisfloksins:

Óskað er eftir yfirliti um álagningu byggingarréttargjalda í Reykjavík frá byrjun árs 2019. Fram komi sundurliðaðar upplýsingar um hvern samning fyrir sig, t.d.

heildarupphæð og um hversu marga fermetra er að ræða samkvæmt honum. Einnig verði gjöld til borgarinnar sundurliðuð og gefnar upplýsingar um hver gjöldin eru per fermetra hverrar íbúðar, bæði brúttó og nettó. USK25020052

23. Lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokkssins:

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins óska upplýsinga hvað líður endurskoðun reglna um íbúakort. Fyrirspurninni fylgir greinargerð. USK25020057

- Kl. 12:07 víkur Hjálmar Sveinsson af fundi.

**Fundi slitið kl. 12:41**

Dóra Björt Guðjónsdóttir

Aðalsteinn Haukur Sverrisson  
Jóhanna Dýrunn Jónsdóttir  
Kjartan Magnússon

Friðjón R. Friðjónsson  
Líf Magneudóttir